



SAMÞYKKT

FYRIR

UMHVERFIS – OG ATVINNUMÁLANEFND

SVALARÐSSTRANDARHREPPS

Skipan, fundir og starfshættir

1. gr.

Umhverfis- og atvinnumálanefnd er skipuð af sveitarstjórn til fjögurra ára að afloknum bæjar- og sveitarstjórnarkosningum. Umhverfis- og atvinnumálanefnd er sveitarstjórn til ráðgjafar og veitir umsögn um málefni sem varða umhverfismál, náttúruvernd og atvinnumál eftir þörfum. Nefndin er tengiliður sveitarstjórnar við atvinnulíf í sveitarfélaginu og fjallar í umboði sveitarstjórnar um atvinnumál eftir því sem hún lætur þau til sín taka. Jafnframt fer nefndin með málefni umhverfismála eftir því sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum og/eða sveitarstjórn felur henni í erindisbréfi þessu. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn Svalbarðsstrandarhrepps eins og hún er hverju sinni.

2. gr.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í umhverfis- og atvinnumálanefnd ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef fulltrúi, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndarinnar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarfulltrúi krafist þess að nefndin verði endurskipuð. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus. Við framangreindar breytingar skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör skv. 1. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

3. gr.

Umhverfis- og atvinnumálanefnd hefur eftirlit með framkvæmd náttúruverndarlaga og annarra laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar. Umhverfis- og atvinnumálanefnd gerir tillögu til sveitarstjórnar um stefnumörkun á sviði umhverfis- og atvinnumála Svalbarðsstrandarhrepps og gerir tillögu til sveitarstjórnar um markmið í framangreindum málaflokkum.

4. gr.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá fulltrúa í umhverfis- og atvinnumálanefnd til fjögurra ára í senn og þrjá til vara. Sveitarstjórn tilnefnir formann. Sveitarstjóri situr fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt og sér um ritun fundargerðar. Sveitarstjóri ber ábyrgð á að ákvörðunum og samþykktum nefndarinnar sé fylgt eftir. Nefndin getur einnig boðið öðrum til fundar varðandi tiltekin mál.

5. gr.

Formaður nefndarinnar, boðar eða lætur boða fundi í nefndinni með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Málsgögn skulu varðveitt með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim. Boða ber til fundar ef helmingur eða fleiri aðalmanna í nefndinni æskir þess. Formaður boðar til fundar svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Boðun varamanna skal vera í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar.



6. gr.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna séu fyrst og fremst í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og það leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmunum ofar sérhagsmunum, hvort heldur sínum eigin eða einstakra hópa. Jafnframt skal nefndin stuðla að tengslum og samstarfi við aðra hagsmunaaðila.

Verkefni umhverfis og atvinnumálanefndar

7. gr.

Helstu verkefni umhverfis- og atvinnumálanefndar eru sem hér segir:

- a. að fjalla um skipulag opinna svæða og lóða sveitarfélagsins í samráði við sveitarstjórn
- b. að stuðla að góðri umgengni í sveitarfélaginu t.d. með árlegum hreinsunardegi
- c. að gera tillögu til sveitarstjórnar um gjaldtöku vegna gjaldskyldrar starfsemi sem heyrir undir starfssvið nefndarinnar
- d. að hafa eftirlit með gámasvæði og stuðla að aðgengi íbúa að upplýsingum er snúa að flokkun sorps og umgengni á gámasvæði
- e. gera tillögu til sveitarstjórnar um útgáfu fræðsluefnis og hvers kyns aðra kynningu fyrir íbúa Svalbarðsstrandarhrepps, fyrirtæki og stofnanir um þau mál sem falla að verkswiði nefndarinnar
- f. sjá um önnur þau mál sem sveitarstjórn felur henni
- g. hlúa að og efla þá atvinnustarfsemi og nýsköpunarhugmyndir sem til staðar eru innan sveitarfélagsins á hverjum tíma
- h. stuðla að virku samstarfi sveitarfélagsins við atvinnuþróunarfélög og önnur hagsmunasamtök á svæðinu um markvissa uppbyggingu fjölbreyttra atvinnutækifæra

8. gr.

Jafnframt skal umhverfis- og atvinnumálanefnd stuðla að náttúru- og umhverfisvernd í sveitarfélaginu í samræmi við ákvæði laga, m.a. með ábendingum og tillögugerð til sveitarstjórnar. Hún skal á sama hátt stuðla að gróðurvernd í samræmi við ákvæði laga. Skal áhersla lögð á samstarf við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga í því sambandi. Umhverfis- og atvinnumálanefnd skal árlega gera tillögu um hverjum veita skuli viðurkenningu fyrir snyrtilegan frágang lóðar og umhverfis. Veita skal viðurkenningu fyrir snyrtilegasta umhverfi rekstrar og aðra fyrir umhverfi íbúðarhúss.

9. gr.

Nefndin skal stuðla að aukinni endurvinnslu og endurnýtingu eftir því sem hagkvæmt þykir, m.a. með fræðslu og kynningu fyrir íbúa sveitarfélagsins. Umhverfis- og atvinnumálanefnd skal hafa umsjón og eftirlit með friðlýstum og vernduðum svæðum innan sveitarfélagsins. Enn fremur skal hún gera tillögur til sveitarstjórnar um merkingar og kynningu á náttúruminum og þeim stöðum öðrum sem hafa sérstakt sögulegt gildi eða henta vel til útivistar. Nefndin skal vinna að mótun stefnu um sjálfbæra þróun í umhverfismálum.

10. gr.

Um fundarsköp á fundum umhverfis- og atvinnumálanefndar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og samþykktar um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps. Til fundar telst löglega boðað hafi allir



aðalmenn umhverfis- og atvinnumálanefndar, eða varamenn í forföllum aðalmanna verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar umhverfis- og atvinnumálanefndar getur fyrirvari um fundarboð verið skemmri ef enginn nefndarmanna mælir gegn því og skal það bókað í upphafi fundar. Óski nefndarmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í umhverfis- og atvinnumálanefnd þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmanna óskar þess. Umhverfis- og atvinnumálanefnd getur enga ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða nefnd ákveði annað.

11. gr.

Um ritun fundargerða umhverfis- og atvinnumálanefndar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 32. gr. samþykktu um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps. Ritari nefndar skal færa í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundur er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðarbók dagskrá fundar, upphafstíma fundar og fundarslit. Viðstaddir fundarmenn skulu rita nöfn sín í gerðabók í fundarlök. Gerðabók skal geymd á skrifstofu sveitarfélagsins. Formaður skal sjá um að fundargerð sé send sveitarstjórn til staðfestingar.

12. gr.

Formaður umhverfis- og atvinnumálanefndar stjórnar fundum og sér um að allt fari þar fram löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

13. gr.

Formleg erindi, fyrirspurnir og mál er umhverfis- og atvinnumálanefnd berast skulu skráð í málaskrá sveitarfélagsins áður en þau eru tekin fyrir á fundum. Á sama hátt skal, eftir fund, skrá afgreiðslu mála í málaskrá. Skrifstofustjóri ber ábyrgð á að skráning og eftirfylgni málgagna sé í samræmi við reglur Svalbarðsstrandarhrepps hverju sinni.

14. gr.

Kjörnum fulltrúum nefndarinnar er heimilt að koma saman til svokallaðra „vinnufunda“ án þess að boða þá sem lögum samkvæmt eiga rétt til setu á formlegum nefndarfundum. Hins vegar er litið svo á að slíkir fundir séu óformlegir og þar skulu ekki teknar ákvarðanir né haldin um þá opinber gjörðabók, þeir eru m.ö.o. ekki formlegir nefndarfundir.

15. gr.

Umhverfis- og atvinnumálanefnd getur enga ályktun gert nema meirihluti nefndarmanna sitji fund. Fundarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarherbergi nefndarinnar við umræðu og afgreiðslu þess, sbr. 3., 4. og 5. grein stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Ályktun umhverfis- og atvinnumálanefndar, sem hefur í för með sér útgjöld umfram samþykktir sveitarstjórnar, skal ætíð send sveitarstjóra í sérstöku erindi. Sveitarstjóri leggur ályktunina fyrir sveitarstjórn til endanlegrar afgreiðslu. Nefndinni er að öðru leyti heimilt að afgreiða, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál á verksviði hennar ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því og þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum atriðum.

16. gr.

Ef umhverfis- og atvinnumálanefnd fær til meðferðar kærsmål samkvæmt ákvæðum laga er varða hana, gilda um meðferð kærsmálsins reglur stjórnarsýslulaga..



Um hæfi og skyldur nefndarmanna umhverfis- og atvinnumálanefndar og annarra fundarmanna

17. gr.

Um hæfi nefndarmanna umhverfis- og atvinnumálanefndar gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafli stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og Samþykktir um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps.

18. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi umhverfis- og atvinnumálanefndar nema lögmæt forföll hamli. Sé nefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns. Nefndarmenn skulu vekja athygli á hagsmunum sínum eða tengslum við málsaðila sem gætu leitt til vanhæfis. Fulltrúar í nefndinni og þeir sem sitja fundi hennar eru bundnir þagnarskyldu. Óheimilt er að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Sama gildir um atriði sem aðilar fá vitneskju um og leynt skulu fara eðli máls samkvæmt. Þagnarskylda helst þó að látið sé af störfum. Þetta ákvæði á einnig við um áheyrnarfulltrúa og aðra fundarmenn.

Gildi samþykktarinnar

19. gr.

Sett með heimild í 40. gr. Samþykktar um stjórn Svalbarðsstrandarhrepps nr. 125

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu sveitarstjórnar 12. apríl 2021.



**SVALBARÐSSTRANDAR
HREPPUR**

